

2019-
2020



SKÓLANÁMSKRÁ HRÍSEYJARSKÓLA

ÁBYRGÐARMAÐUR: ÞÓRUNN BJÖRG ARNÓRSDÓTTIR
GERT Í JÚNÍ 2019

INNIHALD

Almennur hluti	2
Um skólann	2
Stefna skólans	3
Hlutverk Hríseyjarskóla	3
Framtíðarsýn.....	3
Einkunnarorð: manngildi, þekking og metnaður.....	4
Leiðir að stefnu skólans.....	4
Grunnþættir menntunar.....	4
Læsi	5
Sjálfbærni.....	6
Heilbrigði og velferð.....	7
Lýðræði og mannréttindi	7
Jafnrétti.....	8
Sköpun	8
Nám og námsmat	9
Ipadar í Hríseyjarskóla.....	9
Sudbury vikur	10
Námsmat	11
Framistöðukvarði.....	12
Innra mat á árangri og gæðum,	13
áætlanir um umbætur og þróunarstarf,.....	14
samstarf	14
samstarf heimila og skóla.....	14
Samstarf við leikskóla.....	14
Samstarf við framhaldsskóla	15
Samstarf við nærsamfélagið.....	15
áætlanir	15
móttaka nýrra nemenda.....	15

ALMENNUR HLUTI

UM SKÓLANN

Skólahald hefur verið í Hrísey síðan árið 1906, eru því 112 ár síðan skólahald hófst í Hrísey. Hríseyjarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli. Hríseyjarskóli flokkast með fámennum skólum. Í grunnskóladeildinni eru 13 nemendur í vetur 7 drengir og 6 stúlkur og 5 börn á leikskóladeild 3 stúlkur og 2 drengir. Skólahúsnæðið var tekið í notkun 1985 og hýsir einnig bókasafnið. Mötuneyti skólans er í Hlein, þar er boðið upp á morgunmat og hádegismat alla daga nema föstudaga. Ný íþróttamiðstöð var tekin í notkun 2008. Í íþróttahúsinu er einnig kennslueldhús skólans. Í mörg ár hefur nemendaráð grunnskólans skipulagt félagslíf innan skólans og safnað peningum í ferðasjóð nemenda.

Leikskólinn Smábær var opnaður 20. september 1985 við Norðurveg í Hrísey. Hann hefur verið rekinn eftir þörfum bæjarfélagsins og opnunartími því breytilegur ár frá ári. Þann 15. október árið 2000 var Smábær fluttur í húsnæði grunnskólans við Hólabraut. Árið 2007 var leikskólinn sameinaður grunnskólanum og Hríseyjarskóli varð til.

Leik- og grunnskóli byggja markmið sín á sama grunni. Nýta skal þekkingu starfsfólks, búnað og húsnæði beggja skólastiga nemendum í hag. Unnið er að sameiginlegum markmiðum fyrir bæði skólastigin svo samfella verði í áherslum, leiðum og námsefni. Nemendur leikskólans kynnast reglum, starfsfólki, nemendum og húsnæði grunnskólans sem er liður í skipulögðu samstarfi milli skólastiganna. Unnið að sameinlegri umhverfisstefnu, sameiginlegt áfallaráð, haldnar sameinlegar skemmtanir t.d. jólaball, vorhátíð, þorrablót, foreldrakaffi o.fl.

Eftir að Hríseyjarhreppur og Akureyri voru sameinuð í eitt sveitarfélag er Hríseyjarskóli einn af grunnskólum Akureyrar. Því fylgjum við skólastefnu Akureyrarbæjar ásamt því að hlúa að sérstöðu okkar. Hægt er að nálgast skólastefnu Akureyrarbæjar á vefsíðunni: <http://www.akureyri.is/skoladeild/stefnur>.

Heimasíða skólans er www.hriseyjarskoli.is

Þar sem samfélagið er mjög velviljað skólanum er auðvelt að tengja skólann við nærsamfélagið, atvinnuvegi og íbúa og nýta þann mannauð sem það hefur að geyma.

STEFNA SKÓLANS

HLUTVERK HRÍSEYJARSKÓLA

Hlutverk Hríseyjarskóla er að vera aðlaðandi og hlýlegur vinnustaður þar sem nemendum og starfsfólki líður vel.

Skólinn á að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi nám frá 1 árs til 16 ára sem stuðlar að alhliða þroska nemenda. Með það að markmiði að þeir verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar, virkir og ábyrgir í samfélaginu. Í skólastarfinu er áhersla á umhverfismál og að því að nemendur okkar ljúki grunnskóla meðvituð um mikilvægi þeirra.

Í Hríseyjarskóla er unnið samkvæmt stefnu fræðslufirvalda um skóla án aðgreiningar. Lögð er áhersla á:

- Samkennsluhópa þar sem árgöngum er kennt saman vegna fámennis. Þar er komið á mótis við þarfir nemenda á breiðu aldursbili í sama nemendahópnum.
- Einstaklingsmiðað nám. Þegar nám er einstaklingsmiðað er hverjum og einum nemanda mætt þar sem hann er staddur í námi og þess er vænst að nemendur leggi það af mörkum sem þeir geta í námi sínu. Í Hríseyjarskóla er einstaklingsmiðað nám í kjarnagreinum. Gerðar eru einstaklingsáætlanir í stærðfræði í 5. – 10. bekk.
- Kennsla nemenda með sérþarfir samþætt viðfangsefni námshópa.
- Samþætting námsgreina t.d. með upplýsingatækni.
- Sett eru upp verkefni þar sem nemendum gefst kostur á að velja sér leið til að ná inntaki og markmiði kennslustunndarinnar.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir, þar sem kennarinn hlúir að hverjum nemenda.
- Sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og frumkvæði.
- Umhverfismennt með þátttöku í grænfánaverkefni.

FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn skólans er að vera lærdómssamfélag þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn eru virkir þátttakendur og að allir sem komi skólanum á einn eða annan hátt, átti sig á þeim forréttindum sem smæð samfélagsins er og nálægðin við náttúruna. Umgjörð skólans á að vera örvandi fyrir nemendur og starfsfólk hans svo allir fái tækifæri til að nýta hæfileika sína og krafta í jákvæðu og hvetjandi umhverfi. Skólasamfélagið á að skapi góðar minningar fyrir nemendur og að eftir skólagönguna séu þeir ánægðir með upplifun sína og lífsreynslu. Nemendur virkja sköpunarkraft sinn til góðra verka og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og jákvæð samskipti. Að nemendur átti sig á kostum og fjölbreytileika samfélagsins og að þeir verði læsir á umhverfi sitt. Þessum markmiðum náum við í gegn með einkunnarorðum skólans.

EINKUNNARORÐ: MANNGILDI, ÞEKING OG METNAÐUR.

LEIÐIR AÐ STEFNU SKÓLANS

- **Manngildi** - krefst þess að sá mannauður sem býr í hverjum einstaklingi sé virkjaður. Í manngildinu fellst virðing fyrir manneskjunni. Með því að læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og láta hæfileika hvers og eins njóta sín náum við fram mannauðnum sem býr í hverjum og einum. Virðing er höfð að leiðarljósi í samskiptum manna á milli. Hæfileikar fólksins í samfélaginu eru nýttir og kallað eftir kröftum íbúa til liðsinnis í skólann. Skólinn leggur sig fram um að gefa af sér til samfélagsins. Hér er markmiðið að allir séu jafnir og njóti jafnræðis.
- **Þekking** - efla þekkingu nemendanna með fjölbreyttum verkefnum og að kenna nemendum sjálfstæða þekkingarleit. Sá sem ætlar að afla sér þekkingar getur í grófum dráttum gert það með þrennum hætti: af eigin reynslu, með rökhugsun og með því að læra af öðrum. Megi sú þekking sem nemendur öðlast í Hríseyjarskóla vera þeim traustur grunnur til að taka skynsamlegar ákvarðanir í framtíðinni. Til að svo megi verða þurfa nemendur sjálfir að vera sívakandi fyrir nýjum hugmyndum, aðferðum og tilgátum.
- **Metnaður** - setja okkur raunhæf markmið sem marka leið okkar í námi og starfi og leggja okkur fram við að ná þeim. Til að sýna metnað þarf maður að vera stoltur af sér og hafa trú á sér og sínu samfélagi. Áherslan er á að nemendur sýni metnað ekki bara í námi heldur líka í daglegu lífi. Að allir geri alltaf eins vel og þeir geta og leggi sig fram í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Við viljum vera stoltir fulltrúar Hríseyjar hvar sem við eru gestkomandi.

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Í sameiginlegum inngangskafli aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011). Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til að taka þátt í samfélagsbreytingum til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsgvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig. Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrir mæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru grunnur að heildstæðri námskrárgerð í skólakerfinu. Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspeгла þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Nauðsynlegt er að nálgast viðfangsefnin á heildstæðan hátt af faglegri víðsýni og eftir atvikum samfaglega. Það getur kallað á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Útfærsla skólans á grunnþáttunum:

LÆSI

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Lestur er undirstaða alls náms og aldrei er ofmetið mikilvægi þess að nemendur lesi daglega. Í Hríseyjarskóla fléttast læsi í allt nám og leik, meðal annars með:

- Aðferðum Leikskóla- og Byrjendalæsis.
- Hafa greiðan aðgang að bókasafni skólans.
- Útiveru og vettvangsferðum þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum að vera læs á umhverfi sitt, lesa í náttúruna t.d. árstíðir og veðurfar.
- Áherslu á góð samskipti og samvinnu og að vera læs á líðan og tilfinningar annarra (samskiptalæsi).
- Áherslu á læsi auglýsinga hjá eldri nemendum, að þeir læri að horfa með gagnrýnum augum, átti sig á tilgangi, merkingu og meiningu þeirra (fjölmiðlalæsi).
- Áherslu á ritunarþáttinn þar sem ritun og lestur eru órjúfanlegir þættir. Ritað mál er sýnilegt í umhverfinu.
- Upplýsingatæknikennslu.
- Bóklestur er hluti af daglegu starfi.

- Myndlæsi, nemendur túlka myndirnar sínar og annarra og kynnast ólíkum efnivið til sköpunar.

Vegna þjóðaráttaks í lestri hefur Hríseyjarskóli sett markmið varðandi læsi. Þau eru eftirfarandi:

- ❖ Við viljum kveikja neistann sem hvetur börnin til að vilja lesa meira. Opnum heim bókarinnar fyrir nemendum.
- ❖ Aukum lestur nemenda, starfsmanna og foreldra.
- ❖ Lestrarstundir eiga að vera skemmtilegar, þannig að eftir lesturinn á nemendinn að finna til vellíðunnar, standa upp brosandir og langa til að lesa meira.
- ❖ Fylgst er með framförum og lesturinn mældur reglulega og skráður árangur. Skráning á hraða, lesskilning og lesfimi.
- ❖ Unnið er með lestækni s.s. hraðlæsi, lesskilning og upplestur.
- ❖ Fjölbreytt verkefni gömul og ný eru í boði sem höfða til allra nemenda.
- ❖ Verkefni við allra hæfi, ekki of þung og ekki of létt.
- ❖ Gerum bókasafnið að hjarta skólans þar sem nemendur finna til vellíðunnar með bók.
- ❖ Allir nemendur skólans lesa fyrir kennara
 - Yngsta stig les á hverjum degi.
 - mið – og elstastig les amk. einu sinni í viku
- ❖ Allir nemendur skólans halda lestrardagbók og skrá frjálslestur. Bæði er skráð hljóðlestur og raddlestur.
- ❖ Lögð er áhersla að koma að lestrarstundum t.d. þegar nemendur skrifa.
- ❖ Lesari vikunnar – einu sinni í viku les nemandi eða starfsmaður úr uppáhaldsbókinni sinni frammi á sal.

SJÁLFBÆRNI

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna ekki í lakara ástandi en við tókum við því. Við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni, sem hér er notuð, er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri (Aðalnámskrár leik-, grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Hríseyjarskóla er unnið að sjálfbærni á ýmsan hátt, meðal annars með:

- Grænfánaverkefnum svo sem flokkun, endurvinnslu, umhverfisvitund og umhverfissáttmála, orku- og vatnssparnaði.
- Kartöflu- og grænmetisræktun og tengsl hennar við stærðfræðiverkefni.
- Nýtingu lífræns úrgangs sem fer í hænsnafóður í eyjunni.

- Útiveru þar sem meðal annars er unnið í náttúrufræði og umhverfismennt.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Hríseyjarskóla er meðal annars stuðlað að heilbrigði og velferð með því að:

- Góður rekstur á mótuneyti (fyrir leik- og grunnskólanemendur), þar sem fer saman gott hráefni, fjölbreytni og hollusta.
- Áhersla á daglega hreyfingu í kennslu og virkni til þátttöku.
- Virkja nemendur til að ganga eða hjóla til og frá skóla.
- Auka vatnsdrykkju og draga úr sykurnotkun.
- Útiveru og hreyfingu í hreinu lofti.
- Að nemendur geti nýtt sér leiðir til slökunar við kvíða.
- Fræðslu, ráðgjöf og eftirliti skólahjúkrunarfræðings.
- Samverustundir þar sem allur skólinn kemur saman.
- Samvinnu skólastiganna og yfirsýn um nám og þroska nemenda allan skólaferilinn.
- Verkum nemenda sem eru sýnileg og virt til þess að auka og efla sjálfsmynd þeirra.
- Virðing og jákvætt hugarfar.
- Samvinnu við foreldra í ýmsum verkefnum svo sem jólaföndri, árshátíð, vorhátíð og aðkomu að vettvangsferðum og ýmissi fræðslu.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Hríseyjarskóla er meðal annars unnið að lýðræði og mannréttindum með því að:

- Í Hríseyjarskóla hafa nemendur og foreldrar góðan aðgang að starfsfólki skólans.
- Nemendur, foreldrar og grenndarsamfélagið eiga fulltrúa í skólaráði þar sem ákvarðanir um helstu mál skólans eru teknar.

- Hríseyjarskóli virkjar nemendur til þátttöku í lýðræðislegum skoðanaskiptum og hópastarfi. Í fámenninu er hópa skipting oft þvert á aldur og nemendur fá reynslu í því að vera leiðtogar í hópum.
- Nemendur eru hvattir til að vera sjálfstæðir einstaklingar og einstaklingsframtakið er mikilvægt en til að geta unnið í hóp þarf nemandinn að geta miðlað skoðunum sínum og hlustað á aðra. Tekið gagnrýni og gagnrýnt.

JAFNRÉTTI

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífahugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Hríseyjarskóla vinnum við meðal annars að jafnrétti með:

- Allir nemendur skólans eru jafnir. Allt aðgengi um skólann er þannig að nemendur njóti jafnræðis þar sem skólinn er án aðgreiningar. Lögð er áhersla á að mæta þörfum nemandans út frá einstaklingum.
- Aldursblöndun og samkennsla.
- Fjölbreyttu námsumhverfi innan skólans sem utan.
- Einstaklingsmiðuðu námi og námsefni við hæfi hvers og eins.

SKÖPUN

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011). Í Hríseyjarskóla birtist sköpun meðal annars á þennan hátt:

- Mikið er lagt uppúr sjálfsprottnum leik þar sem ímyndunarafl og flæði fá að njóta sín.

- Unnið er með fjölbreyttan og ólíkan efnivið.
- Með vinnu í listasmiðju þar sem sköpunargleði ræður ríkjum.
- Í útiveru er efniviður náttúrunnar nýttur til sköpunar.
- Með samþættingu námsgreina.
- Með vettvangsferðum.
- Með viðburðum þar sem nemendur sýna t.d. leikrit, lesa eigin ljóð og syngja.
- Söngstundir á sal eru haldnar reglulega.
- Með undirbúningi árshátíðar þegar vinna þarf leikmynd og gera leikrit.
- Með textílmennt, smíðakennslu, heimilisfræði, upplýsingatæknimennt.
- Með Leikskóla- og Byrjendalæsi.

NÁM OG NÁMSMAT

Á síðustu árum höfum við losað um stundaskrá og opnað á lotutengt og áhugasviðstengt nám. Í dag eru þriggja vikna lotur, nemendur í 5.-10. bekk fá námsefni til einnar viku og þurfa að skipuleggja sig þannig að þeir nái að klára innan tíma marka. Nemendur fá 2 klst. á dag sem við köllum „vinnustundir“ til að vinna eftir sínum áætlunum, ef ekki þá þurfa þau að taka vinnuna með sér heim og klára hana þar. Einnig eru innlagnartímar fyrir hverja námsgrein fyrir sig.

List og verkgreinar eru kenndar í þriggja vikna lotum og lýkur með sjálfsmati og umsögn kennara. Alltaf eru tvær greinar í gangi í einu og nemendahópnum skipt í tvennt (stelpur/strákar, yngri/eldri) og fara nemendur í báðar greinar til skiptins. Gestakennarar eru fengnir inn til að kenna ýmsar greinar.

IPADAR Í HRÍSEYJARSKÓLA

Menntun í dag snýst ekki eingöngu um að muna staðreyndir heldur snýst hún einnig um að geta leyst vandamál og geta komist að niðurstöðu í samvinnu við aðra. Tæknin hjálpar nemendum að læra á sínum eigin hraða á einstaklingsmiðaðan hátt. Í flestum smáforritum eru leiðbeiningar sem henta hverjum og einum nemanda að læra í samræmi við sína hæfileika og þarfir. Spjaldtölvur bjóða einnig upp á að nemendur fái að nota sköpunargáfu sína og ímyndunarafli til þess að búa til eitthvað sjálfir í stað þess að þeir séu mataðir af upplýsingum frá kennurum. Þessi kennsluáferð gagnast kennurum líka þar sem þeir geta hjálpað nemendum sem eiga erfitt á mun persónulegri hátt.

Spjaldtölvur eins og iPad eru mjög meðfærilegar, þær þurfa ekki lyklaborð eða mús og gefa kost á auknum möguleikum á námstengdum smáforritum. Spjaldtölvur geta komið sér vel í kennslu. Þær er hægt að nota hvar og hvenær sem er, svo fremi sem þráðlaust net sé til staðar og að það virki vel.

Læsi er lykilþáttur í námi og getur snjalltæknin hjálpað nemendum við að tileinka sér betra læsi. Nemendur geta hlaðið niður bókum í tækið þar sem þau geta lesið textann og hlustað á hann orð fyrir orð eða stuðst við myndir til að efla skilning á orðum eða samfelldum texta. Nemandinn getur tekið sig sjálfan upp og hlustað á eigin lestur íPadinum. Til þess að öðlast ríkari skilning á orðum geta nemendur ýtt á orðin og séð skilgreiningar og framburð orðanna, þeir geta einnig ljómað upp textabrot með því að banka létt á skjáinn.

Tækin eiga að vera aukaatriði og við eigum að einblína á nám barnanna og tæknina sem er ný leið í skólasterfinu.

Rannsóknir benda til að notkun snjalltækja getur aukið við námsreynsluna og gert námið skemmtilegra en þess eru engin merki að námsárangur sé betri.

Nemendur fá afhentan iPad í upphafi skólaárs, til að vinna með, þeim er ekki heimilt að fara með þá heim nema með sérstöku leyfi. Nemendur bera ábyrgð á að iPadinn sé ávallt hlaðinn og settur í geymslu að notkunn lokinni.

Dæmi um notkun í dag; Google classroom, Imovie

Íslenska: Ritun, gangvirk verkefni, gagnvirkar rafbækur, book creator.

Stærðfræði: Kennsluforrit, gagnvirkir stærðfræðileikir, reiknivélar, you tube.

Enska og danska: duolingo, enskuleikir, google translate, myndbönd

Samfélagsfræði: google earth, upplýsingaöflun, myndbönd

Náttúrufræði: upplýsingaöflun, you tube, o.fl.

Listgreinar: ýmsir listvefir

Leikskóli: youtube, Pinterest og fleira

SUDBURY VIKUR

Eftir þróunarverkefnið „leiðtogar í eigin námi“ hafa svo kallaðar „Sudburyvikur“ fest sig í sessi og notið mikilla vinsælda hjá nemendum. Ein vika er á haustönn og önnur á vorönn.

Heitið Sudbury kemur frá Sudbury Valley school, sem stofnaður var árið 1968 í Farmingham, Massachusetts.

Í Sudbury skólum eru nemendur sjálfstæðir einstaklingar sem bera fulla ábyrgð á eigin námi. Í skólunum er lýðræði þar sem allir hafa tækifæri til að hafa áhrif í öllum ákvörðunum. Frelsi og gagnkvæm virðing eru lykilhugtök í skólunum.

Okkar markmið með Sudbury vikunum eru:

- að koma til móts við nemendur
- að sýna nemendum traust og þeir bera fulla ábyrgð á eigin námi
- að nemendur velji hvað þeir vilja gera þessa viku
- að nemendur njóti þess að vera í skólanum
- að nemendur átti sig á að það er hægt að læra á margvíslegan hátt
- að nemendur gangi vel um og vandi frágang

Nemendur skipuleggja sína viku í samráði við foreldra og fylla inn í dagskipulag þar sem kemur fram hvað þau ætla að gera og hvernig, þau tengja einnig í lykilhæfni. Í lok hvers dags skrifa þau í dagbók þar sem kemur fram hvað þau hafi gert og hvernig það gekk, einnig segja þau frá því hvort þau hafi lært eitthvað nýtt, hvort þau þurftu hjálp o.s.frv. Þau hafa einnig val um að vera með rafræna dagbók – vídeó.

Eftir vikuna eru nemendur með kynningu á verkefnum sínum og bjóða foreldrum að koma og sjá.

NÁMSMAT

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að megintilgangur námsmats sé að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Markviss endurgjöf til nemanda er í daglegu skólastarfi. Nemendur og kennarar ræða saman um markmið og framvindu námsins, í hópum eða einslega. Námsmat fer þannig fram inni í kennslustofunni við dagleg störf. Nemendur venjast því að ræða um nám sitt og því að kennarinn spyrji reglulega um það hvernig þeir leysa verkefni, hvernig þeir hugsa og hvernig þeir komast að tiltekinni niðurstöðu.

Markmiðið er alltaf að finna hvað ber árangur og hvernig ber að taka næstu skref.

Formlegt námsmat fer fram í gegnum hæfnikort í Mentor. Þar eru hæfniviðmið sem metin eru reglulega og er matið birt jafnóðum. Þar má einnig finna umsagnir þar sem kennarar kjósa að nýta þær.

Nemendur setja sér náms- og félagslegmarkmið í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara tvisvar á ári. Í lok hvernar annar funda nemendur með umsjónarkennara og foreldrum þar sem farið er yfir hvort markmiðum hafi verið náð og ný sett. Áhersla er lögð á að meta alla frammistöðu nemandans t.d. á árshátíð, skólaleikum og öðrum uppákomum, en ekki einungis gengi á prófum samkvæmt framistöðukvarða. Lesfimipróf eru lögð fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Að vori fá nemendur fá útprentuð vitnisburðarblöð. Í Hríseyjarskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar leiðir í námsmati.

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk að hausti og nemendur 9. bekkjar að vori. Menntamálastofnun sér um framkvæmd og yfirferð en kennarar rýna í niðurstöður og nýta þær til að skipuleggja skólastarf.

Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum skólans og vísar til hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum.

Lykilhæfni er hæfni þar sem alhliða þroski nemenda birtist. Lykilhæfni er þannig metin um leið og þekking og leikni í hinum mismunandi greinum er metin og fléttast gjarnan inn í annað námsmat.

Viðmið um matið eru sett fram í fimm liðum sem eiga við öll námssvið:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

FRAMISTÖÐUKVARÐI

<p>Áhugi/vinnusemi</p> <p><i>Leggur sig fram við námið</i></p> <p><i>Getur einbeitt sér.</i></p> <p><i>Hefur úthald til að ljúka verkefnum.</i></p>	<p>Nem. leggur sig alltaf fram og einbeittir sér að náminu. Lýkur öllum verkefnum.</p>	<p>Nem. leggur sig fram og einbeittir sér að náminu og hefur oftast úthald til að ljúka verkefnum.</p>	<p>Nem. er annars hugar og er oft órólegur eða óvirkur. Hann lýkur ekki alltaf verkefnum.</p>	<p>Nem. er áhugalaus, hann vinnur ekki verkefni sem fyrir hann eru lögð. Hann er órólegur eða óvirkur í kennslustund.</p>
<p>Sjálfstæði/frumkvæði</p> <p><i>Kemur sér af stað í vinnu</i></p> <p><i>Getur farið eftir fyrirmælum</i></p> <p><i>Leitar aðstoðar</i></p>	<p>Nem. kemur sér sjálfur af stað í vinnu og fer eftir þeim fyrirmælum sem gefin eru.</p> <p>Leitar aðstoðar þegar hann hefur reynt sjálfur að leysa verkefni.</p>	<p>Nem. kemur sér af stað til vinnu og fer eftir fyrirmælum í flestum tilfellum. Hann reynir oftast við verkefni áður en hann biður kennara um aðstoð.</p>	<p>Nem. er oft lengi að koma sér að verki og tekur illa eftir fyrirmælum. Hann reynir sjaldan við verkefni áður en hann biður um aðstoð.</p>	<p>Nem. tekur ekki upp gögn og það tekur hann langan tíma að koma sér að verki. Hann reynir ekki við verkefni áður en hann biður um aðstoð eða er óvirkur.</p>
<p>Samvinna/samskipti</p> <p><i>Getur unnið með öðrum.</i></p> <p><i>Getur unnið með kennara.</i></p> <p><i>Gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð.</i></p>	<p>Nem. getur unnið með öllum bekkjarfélögum og kennara. Hann er virkur í hópnum án þess að vera með stjórnsemi. Er kurteis og tillitsamur.</p>	<p>Nem. getur unnið með flestum bekkjarfélögum og kennara. Hann vinnur í hópnum eins og til er ætlast. Er kurteis og tillitsamur.</p>	<p>Nem. Vinnur einungis í völdum hópi. Hann virðir ekki að öllu leyti samskiptareglur.</p>	<p>Nem. gengur illa að vinna með öðrum. Hann lendir í útistöðum við aðra og samlagast hópnum illa. Hann vill fara eigin leiðir</p>

<i>Virðir samskiptareglur.</i>				og virðir sjaldan samsk.regltr.
Vinnubrögð/umgengni <i>Vandar frágang verkefna.</i> <i>Skipulögð vinnubrögð.</i> <i>Gengur vel um eigur sínar og annarra.</i>	Nem. vandar frágang verkefna og gengur skipulega um gögnin sín. Gengur vel um eigur sínar og annarra.	Nem. vandar frágang verkefna og gengur skipulega um gögnin sín í flestum tilfellum. Gengur vel um í eigur sínar og annarra í flestum tilfellum.	Nem. gengur oft hirðuleysislega um gögn sín og verkefni eða gleymir þeim heima. Gengur sjaldan frá eftir sig. Gengur sjaldnast vel um skólann.	Nem. er hirðulaus um gögn sín og verkefni. Gengur ekki frá eftir sig. Týnir hlutum og jafnvel skemmir sína hluti og annarra. Gengur illa um.
Heimanám Skilar heimanámi	Skilar alltaf heimanámi.	Skilar oftast heimanámi	Skilar sjaldan heimanámi	Skilar nánast aldrei heimanámi.
Námsframmistaða	Öllum markmiðum náð. Einkunn 10- 8,5	Flestum markmiðum náð. Einkunn 8,0- 6,0	Þarf að taka sig á. Vantar upp á markmið. 6,0-4,5	

Innra mat á árangri og gæðum,

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Menntamálaráðuneytið gerir á fimm ára fresti úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Skólinn hefur ekki innleitt tilbúið sjálfsmatskerfi, Aðrar kannanir eru gerðar bréflaga sem er mjög auðvelt vegna smæðar skólaumhverfisins.

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Menntamálaráðuneytið gerir á fimm ára fresti úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Skólinn hefur ekki innleitt tilbúið sjálfsmatskerfi. Á haustönn 2011 fór skólinn að nota sjálfsmatskefið Skólapulsiinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans, gerðar voru kannanir meðal nemenda um líðan þeirra í skólanum. Þá voru einnig gerðar foreldra og starfsmannakannanir. Undanfarin ár höfum við ekki nýtt okkur þjónustu Skólapulsiins vegna fæðar nemanda. Ýmsar kannanir eru gerðar bréflaga sem er mjög auðvelt vegna smæðar skólaumhverfisins. Einnig er rýnt í árangur nemenda og framfarir. Starfsmannakannanir Akureyrarbæjar eru einnig mikilvægar, sem og starfsmannasamtöl

Áætlanir um umbætur og þróunarstarf,

SAMSTARF

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Hríseyjarskóli leggur ríka áherslu á farsælt samstarf heimila og skóla, byggt á samvinnu og gagnkvæmri virðingu. Til þess að nemendur njóti sín sem best er mikilvægt að skólinn og heimilin séu samstíga og vinni saman að velferð nemenda. Foreldrar og forráðamenn eru ávallt velkomin í skólann. Áhersla er á gagnkvæma upplýsingagjöf milli heimilis og skóla um nám, kennslu og líðan. Á heimasíðu birtast almennar fréttir en fjölskylduvefurinn Mentor er nýttur til upplýsingagjafar um stöðu nemenda. Vikulega er sendur póstur til foreldra með upplýsingum um skólastarfið. Náms- og kennsluáætlanir eru aðgengilegar og niðurstöður prófa og kannana kynntar. Áherslur í samstarfi eru ræddar á fundum með foreldrum, kennarar meta hverskonar samstarf skilar árangri og leita nýrra leiða til að efla það. Sérstök áhersla er á aukið samstarf þegar barn þarf sérstakan stuðning. Lögð er áhersla á að foreldrar upplifi jákvætt viðmót og að starfsfólk sýni skilning og áhuga á að vinna með foreldrum. Í Hríseyjarskóla starfar foreldrafélag sem hvetur alla til þátttöku í leik og starfi og styður við skólastarfið á ýmsan hátt.

Lögð er áhersla á samstarf við foreldra um samábyrgð foreldra og skóla á námi nemenda.

SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

Hríseyjarskóli er samrekin leik- og grunnskóli og er mikil samvinna þar á milli auk þess er reynt að nýta þekkingu starfsfólks, búnað og húsnæði beggja skólastiga nemendum í hag. Unnið er að sameiginlegum markmiðum fyrir bæði skólastigin svo samfella verði í áherslum, leiðum og námsefni. Nemendur grunnskóladeildar heimsækja leikskólanemendur og lesa fyrir þá og segja þeim sögur. Nemendur leikskóladeildar kynnast reglum skólans, starfsfólki, nemendum og

húsnæði grunnskólans sem er liður í skipulögðu samstarfi milli skólastiganna. Eldri nemendur leikskóladeildar koma í tíma og kynnast skólastarfinu, við höldum sameiginleg viðburði s.s. Dagur íslenskrar tungu, litlu jóla og árshátíð svo eitthvað sé nefnt.

SAMSTARF VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Á hverju ári förum við í skólaheimsókn í VMA og MA til þess að auðvelda nemendum okkar að gera upp hug sinn varðandi þessa tvo framhaldskóla

SAMSTARF VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ

Skólinn er einn stærsti vinnustaður samfélagsins og mikilvægt er að viðhalda þeim góðu tengslum sem hann hefur við íbúa þess. Á degi íslenskrar tungu bjóða nemendur íbúum samfélagsins í hádegisverð. Árshátíð skólans með eftirfylgjandi kaffisamsæti er öllum íbúum opin. Einnig er foreldra og annarra vandamanna vænst á skólasetningu, skólaslit og litlu jóla.

Nemendur skólans heimsækja vinnustaði í Hrísey árlega og fræðast um þá starfsemi sem þar fer fram. Einnig koma íbúar í skólann með kynningar á því sem er að gerast í eyjunni eða til að miðla nemendum af fróðleik sem þeir hafa sérþekkingu á. Nemendur setja upp sýningar á ýmsum stöðum í samfélaginu og lesa fyrir farþega ferjunnar á Degi læsis.

ÁÆTLANIR

MÓTTAKA NÝRRA NEMENDA

Þegar nýr nemandi og þar með oft á tíðum nýtt heimili bætist í hópinn ber umsjónarkennara hans að hafa eftirfarandi atriði í huga og reyna tryggja að innan skólans séu aðrir starfsmenn og nemendur upplýstir og meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart hinum nýja aðila/aðilum.

- Heimilið fær stundatöflur og bent á að kynna sér skólanámskrá á heimasíðu skólans þar sem ýmsar hagnýtar upplýsingar er að finna.
- Farin kynnisferð um skólann með alla fjölskylduna.
- Fyrirkomulag mótuneytis kynnt.
- Tryggja að nemandi viti hvar og hvernig hann fer í íþrótt- og sundtíma.
- Bekkjarfélögum gerð grein fyrir ábyrgð þeirra á líðan nýs bekkjarfélaga og hugsanlega falin hlutverk í aðlögun nemandans og að kynna honum hefðir og fyrirkomulag innan skólans.
- Fylgst með nýja nemandanum og rætt reglulega við hann um líðan hans.
- Þess gætt að nemandinn og fjölskylda hans verði ekki utangátta þegar kemur að óhefðbundnum þáttum skólastarfsins s.s. litlu-jólum, föndurdegi, þorrablóti, árshátíð o.s.frv..

Mörg þessar ofangreindu atriða gilda einnig þegar nemandi kemur sem gestanemandi í einhverja daga eða vikur. Slíkir nemendur koma líka oft inn á miðju skólaári.

Áfengis- og fíknivarnir, <https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/07/forvarnastefna.pdf>

Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi, <https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/06/Eineltisaaetlun.pdf>

Jafnrétti og mannréttindi, <https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/07/Jafnrettisaaetlun-Hriseyjarskola.pdf>

Viðbrögð við áföllum, <https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/06/Afallaaetlun-1.pdf>

Öryggis- og slysavarnir, https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/07/oryggishandbok_grunnskola.pdf